


# Textíll 5. bekkur 2024-2025

Textílverkefnin eru skipulögð með það í huga að nemendur læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

**Kennsluaðferðir**
Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum tvisvar sinnum í viku í 12 vikna lotum eða í um 24 skipti. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tökum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.
Helstu markmið eru að nemandi:

- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin verks
- þjálfi fínhreyfingar ásamt samhæfingu huga og handa
- sníði og klippi eftir pappírssniði
- saumi þræðispor og tunguspor
- þjálfist í að sauma í saumavél
- snúi band eða hnýti
- saumi aftursting eða varplegg eftir eigin teikningu
- þekki list víkingatímabilsins og geri tilraunir með munsturgerð
- þrykki á efni með taumálningu
- læri grunnaðferðir í prjóni og hekli
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- venji sig á að ganga frá áhöldum, efnum og verkefnum

**Námsefni og gögn**
Efni og áhöld frá kennara.

**Námsmat**
Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

**Kennari** Sigríður Rafnsdóttir